

Fundargerð

21. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 4. júní 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ, Íris Berg Bryde og Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir verkefnastjórar FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin, en kynnt var val unglínganefndar og afreksstjóra vegna NM í þraut. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Markaðs- og viðburðarstjóri - Ný ráðning

Framkvæmdastjóri og formaður gerðu grein fyrir ráðningarferli og niðurstöðu á ráðningu verkefnastjóra (markaðs- og viðburðarstjóra), en Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir hefur verið ráðin markaðs- og viðburðarstjóri FRÍ. Um er að ræða nýja stöðu og mun Hanna vinna náið með langhlaupanefnd FRÍ ásamt markaðssetningu og stjórnun langhlaupaviðburða á vegum FRÍ.

3. Smáþjóðaleikar

Íris Berg gerir grein fyrir mótahaldinu, skipulagningu, erfiðleikum og sigrum. Varaformaður gerir grein fyrir ítaratriðum. Mótahaldið og ferðalagið gekk almennt vel fyrir utan einstaka skipulagsatriði heimamanna og gestgjafa.

4. Skipulag á veitingu verðlauna á mótum sumarsins

Íris Berg gerir grein fyrir töflu sem hægt er að skrá inn og skoða ábyrgð þeirra sem eiga vera til staðar við veitingu verðlauna.

5. Fjármál, endurskoðun fjárhagsáætlunar 2019

Gjaldkeri gerði grein fyrir endurskoðun fjárhagsáætlunar 2019. Samþykkt. Rætt um afskriftir viðskiptakrafna.

6. Fundarskipulag sumarsins

Ákveðið að næsti fundur verði 2. júlí og síðan þar á eftir um miðjan ágúst.

7. Önnur mál

- a. Viðurkenning heimsmeistara. Ritara falið að kanna tilhögun.
- b. Aðstöðukostnaður – Rætt um starfsreglur vegna kostnaðarþátttöku á mótum (aðstaða) þar sem félög leggja fram aðstöðu fyrir 3ja aðila – Ákveðið að setja niður ramma þ.a. ljóst sé að hverju félagin ganga að í kostnaði.
- c. Dómaramál. Rætt um útlagðan kostnað vegna ferða. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að ganga frá.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:59 með því að Íris Berg Bryde sagði frá eftirminnanlegustu rútuferðinni á Smáþjóðaleikunum.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.